

Ed.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um breyting á lögum nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

8. gr. 5. másl. laganna orðist svo:

Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar, og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í frv. er lagt til, að efni laga um bæjanöfn o. fl. verði fært til samræmis við þær reglur, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu.